



Hringssjá
Náms- og starfsendurhæfing

ÁRSSKÝRSLA 2024-2025

EFNISYFIRLIT

Ársskýrsla 2024-2025	1
Inngangur	1
Stjórn	1
Skipulag og stjórnendur.....	1
Fjármögnun	2
Húsnæðismál	2
Umhverfismál.....	2
Gæðavottun EQM	2
Framhaldsfræðsluaðili	2
Samningur um þróun og endurbætur á Námunni	3
EKKO og samskiptasáttmáli	3
Þjónustusamningar	3
VIRK starfsendurhæfingarsjóður	3
Vinnumálastofnun	4
Heilsugæslan Kirkjusandi.....	4
Mentor og Advania.....	4
Erlent samstarf.....	5
Nemendaskipti við Færeyjar	5
„Cultural Trails of friendship - Continuation“	5
„How can the Nordic countries better promote labour market integration among migrant mothers and fathers“	6
Erasmus + Starfsspeglun/Job Shadowing.....	6
Heimsókn Norrænu vinnumarkaðsnefndarinnar	6
Heimsókn erlendra sérfræðinga.....	7
„Get into Youth Exchanges for all“	7
Árangur.....	8
Starfsfólk	8
Starfsemin.....	10
Námskeið.....	10
Matsbraut.....	10
Matsbraut fyrir fólk með erlendan bakgrunn.....	11
Sérstakur stuðningur við fólk með erlendan bakgrunn.....	11
Sérstakur stuðningur við nám.....	11
Víðsjá	11
Skjöldur	12
Nám	13
Ráðgjöf og stuðningur	14
Náms- og starfsráðgjafi	14
Félagsráðgjafi	14

Iðjubjálfi.....	14
Sálfræðingur.....	14
Sérkennari.....	14
Davis.....	14
Annar stuðningur.....	14
Nemendur.....	15
Daglegt starf og þjónusta.....	16
Félagslíf.....	17
Styrkir.....	17
Ýmis verkefni.....	17
Niðurlag.....	18

INNGANGUR

Hringsjá náms- og starfsendurhæfing er ætluð einstaklingum 18 ára og eldri sem hafa verið frá vinnu-markaði eða námi vegna slysa, veikinda, félagslegra erfiðleika eða annarra áfalla. Hringsjá hentar einnig þeim sem eru með litla grunnmenntun eða hafa átt erfitt með að tileinka sér hefðbundið nám. Endurhæfingin felst í einstaklingsmiðuðu námi í formi styttri námskeiða, matsbrautar eða einingabæru námi með sérhæfðri ráðgjöf og stuðningi. Markmiðin með náminu og endurhæfingunni eru að einstaklingar fari út á vinnumarkað og/eða í áframhaldandi nám eftir endurhæfingu hjá Hringsjá.

Undirmarkmiðin eru að leggja eða endurnýja almennan þekkingargrunn einstaklinga, að undirbúa einstaklinga fyrir almenn skrifstofu- og þjónustustörf, að efla persónulega færni einstaklinga, að efla félagslega færni einstaklinga, að auka samfélagslega þátttöku og lífsgæði einstaklinga og fjölskyldna þeirra. Meðal markmiða Hringsjár náms- og starfsendurhæfingar er að vera á hverjum tíma leiðandi í því verkefni að endurhæfa og styðja einstaklinga til sjálfstæðis, virkni og þátttöku í samfélaginu.

Hringsjá hefur starfað sem sjálfstæð stofnun frá 6. október árið 1987 og er í eigu ÖBÍ réttindasamtaka. Hringsjá hét fyrst Starfsþjálfun fatlaðra, síðan Hringsjá starfsþjálfun fatlaðra, en árið 2006 var nafninu breytt í Hringsjá náms- og starfsendurhæfing.

STJÓRN

Stjórn Hringsjár er skipuð af ÖBÍ réttindasamtökum og var þannig skipuð árið 2024-2025:

Magnús Ingimundarson, formaður
Elfa S. Hermannsdóttir
Eva Þengilsdóttir
Frímann Sigurnýasson
Hrönn Stefánsdóttir

Stjórnarfundir eru haldnir mánaðarlega. Að auki sitja formaður og framkvæmdastjóri ýmsa fundi í tengslum við starfsemi og rekstur Hringsjár. Meðal stærstu verkefna var að tryggja rekstrarlegan fjárhag starfseminnar.

SKIPULAG OG STJÓRNENDUR

Skipurit Hringsjár skiptir starfseminni í eftirtaldar fjórar deildir. Framkvæmdastjóri er yfirmaður allra deilda en það eru deildarstjórar (millistjórnendur) í þremur af þeim:

Stoðþjónusta: Fjármál og rekstur. Helga Eysteinsdóttir framkvæmdastjóri

Nám: Einstaklingsmiðuð þverfagleg starfsendurhæfing. Hrafney Svava Þorsteinsdóttir deildarstjóri

Matsbrautir og námskeið: Styttri úrræði. Guðrún Helga Sigurðardóttir deildarstjóri

Víðsjá: Fyrir einstaklinga á aldrinum 18-30 ára sem þurfa lengri tíma í starfsendurhæfingu vegna taugáþroskavanda og/eða langvarandi vanvirkni. Guðlaug H. Pétursdóttir deildarstjóri. Hún hefur störf í ágúst 2025.

FJÁRMÖGNUN

Hringsjá náms- og starfsendurhæfing er fjármögnuð með sölu á þjónustu. Kaupendur á árinu voru Vinnumálastofnun, Virk starfsendurhæfingarsjóður, Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, önnur sveitarfélög og aðrir samstarfsaðilar.

HÚSNÆÐISMÁL

Námið (einstaklingsmiðaða þverfaglega endurhæfingin) er staðsett í húsnæði Hringsjár í Hátúni 10d. Það húsnæði er 555 fm að stærð. Matsbraut er til húsa í Hátúni 10. Hringsjá leigir það húsnæði af Brynju leigufélagi og er það húsnæði 466 fm að stærð. Í júní 2025 var undirritaður leigusamningur við Sjálfsbjörg, landssamband hreyfihamlaðra um leigu í Hátúni 12, samtals 419,8 fm ásamt 128,8 fm í sameign samtals 548,6 fm. Þar verður Víðsjá nýjasta deild Hringsjár til húsa.

BG verktakar sáu um þrif á húsnæðinu í Hátúni 10d og Örtækni sinnir þrifum á húsnæðinu í Hátúni 10. Hitatækni sér um loftræstingu. Brynja leigufélag ses. og Garðabjónusta Sigurjóns sinntu umhirðu á lóðinni.

UMHVERFISMÁL

Áhersla er lögð á umhverfisvernd og er allt sorp flokkað. Nemendur Hringsjár geta keypt kort hjá Strætó BS á sömu kjörum og örorkulífeyrisþegar ef þeir eru á endurhæfingarlífeyri. Að auki veitir Hringsjá afslátt af efnisgjöldum nemenda ef þeir kaupa kort hjá Strætó BS. Er það liður í að hvetja nemendur til að nýta almenningssamgöngur. Starfsfólk fær samgöngustyrk ef starfsmaður fer a.m.k. þrjá daga í viku til og frá vinnu með vistvænum samgöngum.

GÆÐAVOTTUN EQM

Evrópska gæðamerkið (European Quality Mark/EQM) er gæðavottun framhaldsfræðsluadila. Árið 2014 fékk Hringsjá gæðavottun EQM en með vottuninni er staðfest að Hringsjá stenst evrópskar kröfur um gæði fræðslustarfsemi á fullorðinsstigi. Núverandi vottun gildir til 2026.

FRAMHALDSFRÆÐSLUAÐILI

Hringsjá er með viðurkenningu frá Menntamálastofnun sem aðili til að annast framhaldsfræðslu á Íslandi. Viðurkenningin byggir á lögum nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Viðurkenningin byggist á mati á aðstöðu til kennslu, skipulagi náms, námskrám, þekkingu, reynslu, fjárhagsmálefnum, tryggingum og gæðakerfi.



GÆÐAVOTTUN
FRÆÐSLUAÐILA

SAMNINGUR UM ÞRÓUN OG ENDURBÆTUR Á NÁMUNNI



Mynd 1: F.v. Reynir V. Ingason fh. Legible Software ehf og Helga Eysteinsdóttir framkvæmdastjóri Hringsjár

Undirritaður var samningur við Legible Software ehf um þróun og endurbætur á Námunni, tölvukerfi sem er sérstaklega sniðið að þörfum starfseminnar. Þetta kerfi mun auðvelda allt utanumhald um umsækjendur og þátttakendur á öruggan hátt og gera gott starf enn betra!

EKKO OG SAMSKIPTASÁTTMÁLI

Viðbragðsáætlun um heilsu og öryggi á vinnustað var uppfærð haustið 2024. Ákveðið var að gera EKKO viðbragðsáætlun en EKKO er skilgreint sem einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi. Stofnað var EKKO viðbragðsteymi sem vann að því að gera vinnuferla aðgengilegri og málsmeðferð skýrari ef slík mál koma upp t.a.m. í viðtali við ráðgjafa eða í samstarfshópnum. Einnig var gerður samskiptasáttmáli í hverjum hópi í þjónustu sem og meðal starfsmanna. Tilgangur samskiptasáttmála er að allir séu samstíga um að skapa öruggt umhverfi þannig að öllum líði vel. Þátttakendur og starfsmenn gerðu með sér sáttmála um að hafa eftirfarandi að leiðarljósi í samskiptum; **virðingu, skilning, traust, tillitssemi og umhyggju.**

ÞJÓNUSTUSAMNINGAR

VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Þjónustusamningur er við **VIRK Starfsendurhæfingarsjóð** um þjónustu á sviði náms- og starfsendurhæfingar; bæði þátttöku á námskeiðum, einstaklingsbundinni þverfaglegri starfsendurhæfingu, eftirfylgni, matsbraut og matsbraut fyrir fólk með erlendan bakgrunn. Samningurinn gildir um þjónustu fyrir einstaklinga sem eru með heilsubrest og hafa þörf fyrir atvinnutengda starfsendurhæfingu. Samningur um þjónustu á sviði starfsendurhæfingar var undirritaður 9. desember 2024 og gildir til þriggja ára.



Mynd 2: Helga Eysteinsdóttir og Vigdís Jónsdóttir forstjóri VIRK

VINNUMÁLASTOFNUN

Samningur á sviði vinnumarkaðsúræða, sér í lagi á sviði starfsendurhæfingar, var gerður 31. október 2014. Núgildandi samningur var undirritaður 8. janúar 2024 og gildir til 31. desember 2025.



Samningurinn nær til einstaklinga sem metnir eru í þörf fyrir atvinnutengda endurhæfingu skv. lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar, lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lögum nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir.

HEILSUGÆSLAN KIRKJUSANDI

Við upphaf náms- og starfsendurhæfingar í Hringsjá undirrita allir þátttakendur samstarfssaming þar sem þeir skuldbinda sig að hlíta ákveðnum reglum á meðan á náminu stendur. Hringsjá er reyklaust og vímuefnalaust hús. Þátttakandi heimilar vímuefnaskimun ef framkvæmdastjóri/deildarstjóri fer fram á það. Samstarfssamningur er við Heilsugæsluna Kirkjusandi um framkvæmd hennar.



MENTOR OG ADVANIA

Þjónustusamningur er í gildi við Mentor og Advania um aðgang að Innu og tengdum kerfum. Kerfið felur m.a. í sér umsóknarkerfi, nemendabókhald, stundatöflugerð, kennslukerfi, námskrár, yfirlit yfir samskipti nemenda og kennara, kennslumat, skýrslugerð, útskrift og tengingu við bókhald. Kerfið auðveldar öll samskipti og með innleiðingu þess er komin tenging við kerfi framhaldsskólanna sem er mjög mikilvæg fyrir starfseminu og nemendur.



ERLENT SAMSTARF

NEMENDASKIPTI VIÐ FÆREYJAR

Verkefnastjóri erlendra verkefna, Gígja Baldursdóttir, fór til Færeyja á undirbúningsfund með Stig Eltör skólastjóra Dugni, Skúlin við Áir í október 2024. Fundurinn var haldinn í tengslum við undirbúning og þróun umsóknar um gagnkvæm nemendaskipti milli Hringsjár og Dugni.



Umsókn var send inn 1. febrúar 2025, jákvætt svar við umsókn kom í maí sama ár. Þann 2. júní 2025 var skrifað undir formlegan samning um tveggja ára samstarfsverkefni milli Hringsjár og Dugni.

„CULTURAL TRAILS OF FRIENDSHIP - CONTINUATION“

Síðastliðin fjögur ár hefur Hringsjá verið samstarfsaðili Montana (City of Montana) í Búlgaríu í EES/EEA verkefni. Verkefnið er styrkt af Uppbyggingarsjóði EES/EEA Grants.

Tvö samstarfsverkefni voru unnin með borgunum Montana



og Chiprovtsi í Búlgaríu. Verkefnin voru tvíþætt: annars vegar kom hópur starfsmanna úr stjórnslu og menntageira borganna tveggja til Íslands í fræðsluferð, og hins vegar fóru fimm nemendur frá Hringsjá ásamt Gígu Baldursdóttur, verkefnisstjóra á Íslandi, til Búlgaríu.



Í byrjun mars komu 15 þátttakendur frá samstarfsborgunum í Búlgaríu til Íslands. Þeir kynntu sér starfsemi Hringsjár og hittu þá fimm nemendur sem valdir höfðu verið til þátttöku í verkefninu. Auk þess heimsóttu þau ýmsar menningarstofnanir í Reykjavík og kynntu sér íslenskt samfélag og menningu.

Um miðjan mars fóru síðan starfsmaður og fimm nemendur Hringsjár til Búlgaríu. Þar dvaldi hópurinn í eina viku, kynnti sér búlgarska menningu og tók þátt í fjölbreyttri dagskrá. Hópurinn heimsótti bæði grunnskóla og framhaldsskóla, kynnti Ísland og íslenska menningu fyrir nemendum og kennurum og tók þátt í fræðsludegi í Ungmennasetri Montana. Þar héldu þau kynningar, buðu upp á matreiðslukennslu þar sem íslensk matargerð var kynnt og tóku þátt í umræðum um menntun og ungmennastarf í báðum löndum. Auk formlegrar dagskrár gafst einnig tækifæri til að mynda tengsl milli nemenda og starfsfólks landanna tveggja og ræða um áframhaldandi samstarf.

„HOW CAN THE NORDIC COUNTRIES BETTER PROMOTE LABOUR MARKET INTEGRATION AMONG MIGRANT MOTHERS AND FATHERS“

Helga Eysteinsdóttir framkvæmdastjóri Hringsjár sótti ráðstefnu Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í desember 2024. Þar var fjallað um hvernig styðja megi innflytjendur, sérstaklega mæður, til þátttöku á vinnumarkaði, m.a. með sveigjanlegu leikskólastarfi, samþættingu tungumálanáms og fæðingarorlofs, auk aukins hlutdeildar feðra í foreldraorlofi. Einnig var rætt um mikilvægi þess að vinna gegn fordómum, viðurkenna menntun innflytjenda og efla stafræna færni og efla stuðning frá félagasamtökum.



ERASMUS + STARFSSPEGLUN/JOB SHADOWING

Það komu 4 heimsóknir í tengslum við Erasmus+ mobility. Þá koma kennarar eða aðrir sérfræðingar og eru bæði að fá að kynna sér starfsemina og einnig að taka þátt með því að vera með kennslu og/eða gestafyrirlestra. Fjórir gestir frá Agrupamento de Escolas de Alcochete (AEA) í Portúgal, komu í tveggja daga starfsspeglun (job-shadowing) í gegnum Erasmus+.

AEA býður upp á fjölbreytta menntun fyrir fullorðna, með áherslu á sveigjanleika og gott aðgengi.



HEIMSÓKN NORRÆNU VINNUMARKAÐSNEFNDARINNAR

Nordisk Arbejdsmarkedsudvalg NAM, (Norræna vinnumarkaðsnefndin), kom í heimsókn, alls 13 manns. Hópurinn fékk fræðslu um starfsemi Hringsjár og tók jafnframt þátt í umræðuhópum með nemendum. Nordisk Arbejdsmarkedsudvalg er norræn samstarfsnefnd á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar sem stuðlar að þróun vinnumarkaðsmála, vinnuumhverfis og menntunar á Norðurlöndum og styður samstarfsverkefni á þessum sviðum.



HEIMSÓKN ERLENDRA SÉRFRÆÐINGA

Í október 2024 kom hópur sérfræðinga frá Hollandi, Noregi og Eistlandi í heimsókn í Hringsjá á vegum samstarfsverkefnis K1 Erasmus+, á sviði fullorðinsfræðslu. Markmið heimsóknarinnar var að kynnast starfsemi Hringsjár, skipulag náms, kennsluaðferðir og stuðningsúrræði fyrir fullorðna einstaklinga með fjölbreyttan bakgrunn og námsþarfir.



Þrír starfsmenn Blindenzorg Licht en Liefde komu í heimsókn á vegum samstarfsverkefnisins K1 Erasmus+ á sviði fullorðinsfræðslu. Blindenzorg Licht en Liefde eru belgísk samtök sem styðja blinda og sjónskerta með fræðslu, tækni, endurhæfingu og félagslegum stuðningi til að auka sjálfstæði og þátttöku þeirra í samfélaginu. Markmið heimsóknarinnar var að kynnast starfsemi Hringsjár, skipulag náms, kennsluaðferðir og stuðningsúrræði fyrir fullorðna einstaklinga með fjölbreyttan bakgrunn og námsþarfir.



„GET INTO YOUTH EXCHANGES FOR ALL“

Verkefnastjóri erlendra verkefna, Gígja Baldursdóttir tók þátt í námskeiðinu "GET INTO YOUTH EXCHANGES FOR ALL", haldið af Salto Youth í Espoo í Finnlandi í nóvember.

Á námskeiðinu var farið yfir hvernig skipuleggja á nemendaskipti, allt frá vali samstarfsaðila, undirbúningi þátttakenda, dagskrárgerð og öryggismál, til umsóknarferlisins sjálfs. Einnig var lögð áhersla á að skapa tækifæri fyrir ungt fólk til að kynnast jafnöldrum frá öðrum Evrópulöndum, efla færni þeirra, vísýni og þvermenningarlega umræðu og vinna gegn fordómum og staðalmyndum.



ÁRANGUR

Nemendur í diplómanámi í starfsendurhæfingu gerðu könnun á náms- og starfsendurhæfingu hjá Hringsjá á árunum 2012-2019. Verkefnið var unnið í áfanganum Nýsköpun á vettvangi: Fræði og fag við Háskóla Íslands undir leiðsögn dr. Ástu Snorradóttur, lektors við félagsráðgjafadeild H.Í.

Á árunum 2012-2019 útskrifuðust 256 manns eftir þriggja ára nám frá Hringsjá, 174 konur og 82 karlar. Miðað við fyrri kannanir hefur þátttakendum í yngsta aldurshópnum 18-24 ára fjölgað úr 4% í 28%. Einnig fjölgaði þeim sem eingöngu voru með grunnskólapróf úr 37% í um 48%. Alls eru 59% í fullri vinnu eða hlutastarfi á móti 33% í fyrri könnunum. Flestir, eða 76% svarenda, höfðu stundað nám af einhverju tagi, allt frá námskeiðum til háskólanáms eftir að starfsendurhæfingu lauk. Alls eru 27% í námi núna. Þannig að hlutfall svarenda sem eru í námi eða starfi að hluta til eða að fullu er 86%.

Helstu niðurstöður eru að meðalaldur þátttakenda er lægri en áður, fleiri eru eingöngu með grunnskólapróf við upphaf starfsendurhæfingar, fleiri skila sér út á vinnumarkað og þátttakendur eru duglegir að bæta við sig þekkingu í formi náms eða námskeiða að lokinni starfsendurhæfingu hjá Hringsjá.

Þessi könnun sýnir að náms- og starfsendurhæfing Hringsjár skilar árangri fyrir þátttakendur bæði hvað varðar atvinnuþátttöku og betri líðan. Við gerð þessa verkefnis kom í ljós að samspil umhverfis, starfsfólks og úrræða Hringsjár skilar sér í góðum árangri flestra þátttakenda og í sumum tilfellum taka sumir alveg nýja stefnu í lífinu.

Guðrún Hannesdóttir fyrrum forstöðumaður Hringsjár gerði rannsókn á árangri náms- og starfsendurhæfingar Hringsjár sem hluta af meistararitgerð sinni: Til mikils er að vinna: Starfsendurhæfing, stefna og leiðir til virkni og þátttöku í samfélaginu (2009). Anna Sigríður Einarsdóttir (2013) gerði sambærilega rannsókn í MA ritgerð sinni; Árangur náms- og starfsendurhæfingar. Tengsl við trú á eigin getu til náms- og starfsákvörðunar. Niðurstöður beggja þessara árangurskannana voru að rúmlega 70% útskrifaðra nemenda voru í námi og/eða starfi að hluta til eða að fullu eftir starfsendurhæfingu í Hringsjá.

STARFSFÓLK

Eftirfarandi einstaklingar störfuðu hjá Hringsjá á árinu 2024 – 2025 í 19,32 stöðugildum og sinntu eftirfarandi verkefnum:

- Adolf Hólm Petersen, félagsfræði - stundakennari
- Andri Reyrr Steingrímsson, aðstoðarritari
- Anna Sigríður Einarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi
- Ágústa Björnsdóttir, náms- og starfsráðgjafi
- Erling Ólafur Aðalsteinsson, enska – stundakennari
- Garðar Vilhjálmsson, bókfærsla, fjármálafræðsla - stundakennari

- Gígja Baldursdóttir, sérkennari, Davis ráðgjafi, verkefnastjóri erlendra samstarfsverkefna og samfélagsmiðlar
- Gréta Guðmundsdóttir, ritari
- Guðný Jónsdóttir, kennari á matsbrautum
- Guðrún Helga Sigurðardóttir, deildarstjóri matsbrautar
- Gunnar Möller, stærðfræði og rekstur upplýsingakerfis Hringsjár
- Halla Rós Arnardóttir, iðjuþjálfari
- Helga Eysteinsdóttir, framkvæmdastjóri
- Helga Þórey Júlíudóttir, stærðfræði, sérkennari - stundakennari
- Hildur Ævarsdóttir, iðjuþjálfari
- Hrafney Svava Þorsteinsdóttir, deildarstjóri námsins
- Hrefna D. Arnardóttir, iðjuþjálfari
- Ingibjörg Pálmadóttir, náms- og starfsráðgjafi
- Ingibjörg Nanna Smáradóttir, ritari
- Jason Ívarsson, stærðfræði – stundakennari
- Jón Arnar Stefánsson, íþróttifræðingur – stundakennari
- Katrín Vignisdóttir, verkefnastjóri og náms- og starfsráðgjafi
- Kristín Friðriksdóttir, félagsráðgjafi og fjölskylduráðgjafi
- Linda Björk Sigurðardóttir, íslenska
- Sigrún Óskarsdóttir, bókfærsla – stundakennari
- Sigurrós Ragnarsdóttir, upplýsingatækni
- Svala Arnardóttir, viðurkenndur bókari
- Svana Björk Jónsdóttir, listgreinar- stundakennari
- Vaka Frímann, aðstoðarritari
- Vigdís Sveinsdóttir, félagsráðgjafi

Eftirfarandi einstaklingar störfuðu við Hringsjá í verktöku við ýmis verkefni:

- Alida Ósk Smáradóttir, sálfræðingur
- Brynja Valdís Gísladóttir, leiklist
- Elísabet Hildipórsdóttir, sérkennari
- Elsa Bára Traustadóttir, sálfræðingur
- Helga Arnardóttir, MSc. í félags- og heilsusálfræði
- Helgi Örn Pétursson, jógakennari
- Gunnar Möller, kennari
- Klara Dögg Sigurðardóttir, jógakennari

Starfsmannafundir voru haldnir á tveggja vikna fresti. Að auki voru vikulegir fundir framkvæmdastjóra með ráðgjafadeildinni þ.e. félagsráðgjafa, iðjuþjálfara, náms- og starfsráðgjafa og sérkennara. Einnig voru vikulegir fundir framkvæmdastjóra með starfsmönnum matsbrautar.

Starfsmenn tóku auk þess þátt í ýmsum ráðstefnum, fundum og fyrirlestrum; m.a. aðalfundi ÖBÍ, ársfundi VIRK, námskeiðum á vegum BHM og Endurmenntun HÍ. Auk þess tóku starfsmenn þátt í Landskeppni í hreyfingu: Lífshlaupið í febrúar. Á starfsdögum var ýmis fræðsla t.a.m. frá dr. Jakobi Frímanni Þorsteinssyni um fjölbreytta möguleika í útikennslu, frá Geiri Finnssyni kennara um gervigreind og notkun hennar í kennslu og Önnu Steinsen frá Kvan um styrkleikamiðaða nálgun. Starfsfólk fór í heimsókn í Bergið Headspace og fór einnig í tveggja daga fræðsluferð til Akureyrar þar sem m.a. var farið í heimsóknir til Starfsendurhæfingar Norðurlands og Háskólans á Akureyri.

Starfsmenn tóku einnig þátt í ýmsum öðrum uppákomum sem voru til þess fallnar að efla hópinn og starfsánægju.

Mikil áhersla er lögð á að Hringsjá sé góður vinnustaður og að til staðar séu tækifæri til þróunar í starfi og lífi. Það á við bæði um allt starfsfólk sem og notendur þjónustunnar.

STARFSEMIN

NÁMSKEIÐ


Í boði var fjölbreytt úrval námskeiða sem kennd voru bæði fyrir hádegi og eftir hádegi. Boðið var upp á Tölvunámskeið, Bókhaldsnámskeið, Stærðfræðinámskeið, Fjármálanámskeið og sjálfsstyrkingarnámskeið af ýmsu tagi eins og t.d. Jákvæð sálfræði, Styrkleika og núvitund, HAM námskeið, Daglegt líf með ADHD, Að ná tökum á reiði og öðrum erfiðum tilfinningum o.fl.

Alls luku 204 einstaklingar námskeiðum á starfsárinu. Fleiri fara á matsbrautir en á stök námskeið þar sem þátttaka á matsbraut eykur líkur á inngöngu í námið.

MATSBRAUT

Matsbraut hentar vel þeim sem vilja meta stöðu sína. Markhópurinn eru þeir sem vilja auka daglega virkni, þeir sem stefna á nám en hafa verið lengi frá námi, þeir sem vilja fara í starfsendurhæfingu í Hringsjá og þeir sem vilja vera í litlum hópi með einstaklingsmiðaða nálgun og byrja rólega. Matsbrautin byggist á verkefnavinnu, tölvunotkun, tölunotkun, valdeflingu, sjálfsstyrkingu, mati á færni, geðrækt og hreyfingu t.a.m. jóga. Dagskráin miðar að því að styrkja sjálfsmynd þátttakenda og stuðla að jákvæðu viðhorfi til náms eða starfs. Nálgun er einstaklingsmiðuð og efnistök fjölbreytt.

Fyrsti hópurinn fór af stað í september 2022 og voru 16 manns á matsbraut haustið 2022. Á starfsárinu ágúst 2024- júní 2025 voru 170 einstaklingar á matsbraut. Flestir voru á aldrinum 18-35 ára eða 123 af 170. Meirihluti karlkyns eða 56%, 43% skilgreindu sig sem kvenkyns og tveir skilgreindu sig annað.



Graf 1: Fjöldi á matsbraut 2024 - 2025 eftir kyni

MATSBRAUT FYRIR FÓLK MEÐ ERLENDAN BAKGRUNN

Í febrúar 2023 hófst tilraunaverkefni í samstarfi við VIRK starfsendurhæfingarsjóð fyrir fólk í starfsendurhæfingu með erlendan bakgrunn. Um er að ræða 1-3 mánaða úrræði. Á þessu starfsári hafa verið þrír hópar með samtals 35 einstaklingum. Í hverjum hópi eru mörg móðurmál.

SÉRSTAKUR STUÐNINGUR VIÐ FÓLK MEÐ ERLENDAN BAKGRUNN

Sérstakur stuðningur við fólk með erlendan bakgrunn er ætlaður fyrir einstaklinga sem geta ekki sinnt hópúræðinu á matsbraut af ýmsum ástæðum s.s. vegna tungumálaerfiðleika, þurfa meiri stuðning vegna skertrar starfsgetu eða af öðrum ástæðum. Alls hafa 12 einstaklingar verið 1-3 mánuði í þjónustu á starfsárinu.

SÉRSTAKUR STUÐNINGUR VIÐ NÁM

Hringsjá býður upp á stuðning við einstaklinga með skerta starfsgetu sem eru að undirbúa sig fyrir nám í öðrum skóla en Hringsjá eða þurfa stuðning við nám annarsstaðar. Stuðningurinn er aðlagður að þörfum hvers einstaklings og er í 1-5 mánuði. Meiri aðsókn er í þetta úrræði en Hringsjá getur sinnt og er nú þegar kominn biðlisti fyrir haustönn 2025. Alls voru 15 einstaklingar á haustönn 2024 í sérstökum stuðningi en samtals 18 á vorönn 2025.

VÍÐSJÁ

Víðsjá er úrræði sem byrjaði í maí 2025 og er ætlað ungu fólki á aldrinum 16 – 29 ára. Markópurinn er NEET – ungmenni (Not in Education, Employment or Training) sem hafa verið vanvirk, eru með skerta

færni til samfélagsþátttöku og/eða andlegar hindranir/geðraskanir/taugaþroskaraskanir sem hamla einstaklingi til vinnu eða náms. Miðað er við að einstaklingar geti verið allt að 24 mánuði í Víðsjá.

Markmiðið er að veita ungmennum sérhæfða einstaklingsmiðaða þjónustu sem sniðin er að þörfum þeirra til að auka virkni þeirra, efla starfsgetu og félagsfærni. Markmiðið er að styðja þátttakendur til sjálfstæðrar virkni, aukinnar þátttöku í samfélaginu og betri lífsgæða.

Þjónustan er einstaklingsmiðuð og helstu meðferðarúrræði eru þjálfun í félagsfærni/bjargráðum, koma athöfnum daglegs lífs í rútínu, hreyfing og heilbrigður lífstíll, sálfræðiþjónusta o.fl.

Um er að ræða samþætta heilbrigðisþjónustu og starfsendurhæfingu. Allir þátttakendur fá ráðgjafa/tengilið við innritun í þjónustu og er hlutverk hans að styðja við þátttakendur í endurhæfingunni. Hlutverk ráðgjafans er m.a. að gera reglulegt mat á þjónustubörfum og meta einkenni og árangur meðferðar. Ráðgjafar/tengiliðir þátttakenda verða að vera heilbrigðisstarfsmenn með gilt starfsleyfi á Íslandi s.s. félagsráðgjafar eða iðjuþjálfar.

SKJÖLDUR

Skjöldur er tveggja ára tilrauna- og samstarfsverkefni ÖBÍ réttindasamtaka, Brynju leigufélags og Hringsjár. Keyptar hafa verið fjórar nemendaíbúðir á Laugavegi 168D. ÖBÍ réttindasamtök lagði fram stofnfé, Brynja leigufélag sér um leigusamninga og starfsmenn Hringsjár úthlutar íbúðunum. Hlutverk Hringsjár er einnig að veita stuðning til sjálfstæðrar búsetu með aðstoð iðjuþjálfra sem og stuðning frá félagsráðgjafa eftir þörfum. Stuðningur iðjuþjálfra fer fram inni á heimili og hann veitir aðstoð við að bæta færni ef þess þarf s.s. varðandi umgengni, hreinlæti og matarinnkaup. Þetta er spennandi tilraunaverkefni sem mun efla starfsendurhæfinguna og starfsemina enn frekar.

NÁM



Nemendur eru teknir inn tvisvar á ári, í janúar og ágúst. Námið tekur að jafnaði þrjár annir. Kennt er í 4-8 kennslustundir á dag, fimm daga vikunnar. Kennt er í litlum hópum og námið er einstaklingsbundið. Flestir nemendur hlutu einstaklingsaðstoð á árinu. Áfram var augin áhersla lögð á að nemendur fari vel undirbúnir í frekara nám eða atvinnuþátttöku.

Útskrifaðir nemendur í desember voru 19 talsins.

Dúettinn Ylja sá tónlistarflutning og forseti Íslands, Halla Tómasdóttir flutti hátíðarávarp

Mynd 3: Forseti Íslands, Halla Tómasdóttir



Nemendur sem útskrifaðir voru í maí 2025 voru 20 talsins. Við útskriftarathöfn sáu Regína Ósk og Sverni Þór um tónlistarflutning og fyrrverandi forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, flutti hátíðarávarp.

Mynd 4: Útskriftarhópur á vorönn 2025



Mynd 5: Fuglinn eftir Laufeyju Jensdóttur

Við útskrift fá útskriftarnemendur gjöf sem ætluð er að minna á þá sigra sem unnist hafa, gleðja og hvetja áfram til frekari sigra. Útskriftargjöf til útskriftarnema á starfsárinu var Fuglinn sem er eftir Laufeyju Jensdóttur myndlistarmann.

RÁÐGJÖF OG STUÐNINGUR

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFI Öllum þátttakendum býðst **ÞJÓNUSTA NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFI**. Einstaklingar sem eru að kynna sér Hringsjá og sækja um nám/námskeið m.t.t. endurhæfingar og stundum aðstandendur eða stuðningsaðilar þeirra, leita einnig til náms- og starfsráðgjafa.

FÉLAGSRÁÐGJAFI Hringsjár sér um gerð endurhæfingaráætlana, sér í lagi í tengslum við umsóknir um endurhæfingarlífeyri til Tryggingarstofnunar ríkisins. Félagsráðgjafi sinnir einnig eftirfylgni við útskrifaða þátttakendur. Þá hefur lengi verið þörf á aðkomu félagsráðgjafa að náms- og starfsendurhæfingu vegna úrlausna við félagsleg verkefni af ýmsum toga sem nemendur glíma við á hverjum tíma.

IÐJUPJÁLFI sér um hóptíma og aðstoðar þátttakendur við að koma á skipulagi á athafnir dagslegs lífs. Iðjupjálfi metur skynúrvinnslu þegar þess er þörf og ef um iðjuvanda er að ræða á því sviði, fær þátttakandi ráðgjöf og fundnar eru persónubundnar lausnir í samvinnu við hann.

SÁLFRÆÐINGUR sér um hóptíma og handleiðslu. Samningur er við þrjár sálfræðistofur á höfuðborgarsvæðinu sem sinna einstaklingsviðtölum.

SÉRKENNARI sér um stuðning við nemendur með lesblindu og sértæka námsörðugleika. Framkvæmir lesgreiningar og notar til þess LOGOS greiningarkerfið. Lesblinda og sértækar námsörðugleikar eru algengir meðal nemenda Hringsjár, og margir hafa ekki fengið formlega greiningu áður. Mikilvægt er að greina og skilja vanda hvers og eins til að hægt sé að beita viðeigandi aðferðum og úrræðum

DAVIS® RÁÐGJAFI veitir þjónustu fyrir Veitir þjónustu fyrir lesblinda nemendur. Davis® aðferðin nýtist einnig við talnablindu, reikniblindu, skrifblindu og athyglisbrest, með eða án ofvirkni.

ANNAR STUÐNINGUR


Frá upphafi Hringsjár hefur verið leitast við að nýta allt það sem að gagni getur komið við nám og kennslu, og að ýta hindrunum úr vegi. Áhersla er lögð á friðsælt og þægilegt umhverfi. Dæmi um aðrar leiðir til stuðnings og til þess að efla námsframvindu eru:

- Bara stuðningspúðar og hálskragar – sem bæta setstöðu, minnka verki í herðum, handleggjum og höndum. Auðvelda einnig fólki að stunda iðju.
- Hljóðbókasafnið
- Höfuðsett sem útiloka umhverfisljóð – hjálpa þeim sem eiga erfitt með að halda einbeitingu.
- Lofthreinsitæki – sem auðveldar þeim sem eiga við mikið ofnæmi, astma eða mígreni að etja. Einnig þeim sem eru með ný líffæri, þ.e. eru líffæraþegar. Hreinsar loftið, eyðir lykt og drepur bakteríur.
- Pullur, sessur og skemlar eftir þörfum.
- Stillanleg rafmagnsborð og stólar.

NEMENDUR


Skipting nemenda eftir búsetu, kyni og aldri. Heildarfjöldi í einstaklingsmiðaðri starfsendurhæfingu (náminu) var 120 nemandi og var meðalaldurinn 29,9 ár.

Hringsjá: Fjöldi í endurhæfingu frá hausti 2024 til vors 2025 - eftir búsetu



Graf 2: Fjöldi nemenda eftir búsetu í endurhæfingu 2024-25

Hringsjá: Fjöldi í endurhæfingu frá hausti 2024 til vors 2025 - eftir kyni



Graf 3: Skipting eftir kyni



Graf 4: Aldursdreifing. Elsti nemandinn var 54 ára og sá yngsti 19 ára

DAGLEGT STARF OG ÞJÓNUSTA

Haldið var áfram að auka tækifæri nemenda til að njóta lista og menningarlífs, bæði með heimsóknnum og einnig var fjölmörgu listafólki boðið heim. Ásamt því að veita alhliða náms- og starfsendurhæfingu var aukin áhersla á náms- og starfsfræðslu og tengingu við atvinnulífið. Góð samvinna var við Hjálparstofnun kirkjunnar, Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálp Íslands vegna matvæla-, lyfja- og annarrar aðstoðar við nemendur. Gott samstarf var við fjöldann allan af stofnunum og sérfræðingum á heilbrigðis- og velferðarsviði svo og vinnumála- og menntakerfi landsins.

FÉLAGSLÍF

Félagslíf nemenda var með hefðbundnum hætti og eftirfarandi upptökur og atburðir áttu sér stað m.a.:

Árshátíð

Bleiki dagurinn – árvekni áttak Krabbameinsfélags Íslands

Dagur íslenskrar tungu

Gulur dagur -heimsókn frá Pieta samtökunum.

Hvíti dagurinn; Baráttudagur gegn einelti

Hrekkjavaka

Hringsvar- spurningakeppni nemenda

Tyllidagar

Uppistand



Mynd 6: Hlustað á fyrirlestur

Fjöldi listamanna og sérfræðinga lagði sitt af mörkum við þessa atburði.

Nemendur heimsóttu skóla í náms- og starfsfræðslu, vinnustaði, söfn og sýningar í öðrum fögum.

STYRKIR

Hringsjá fékk styrk frá ÖBÍ sem kom að góðum notum. Þá fékk Hringsjá þróunarstyrk frá VIRK til að hanna nýtt geðræktarnámskeið fyrir einstaklinga á einhverfurófinu. Einnig fékk Hringsjá styrk frá Samfélagssjóði ELKO en Ingi Sævar Ingason fyrrum nemandi starfar hjá ELKO og sótti um styrkinn fyrir hönd Hringsjár. Hann afhenti fyrir hönd Samfélagssjóðs ELKO, tvo tölvuskjáa, ísskáp, vöflujárn og handþeytara.

Við þökkum Inga Sævari, ELKO, ÖBÍ og VIRK starfsendurhæfingarsjóði kærlega fyrir stuðninginn.



Mynd 7: Helga Eysteinsdóttir og Ingi Sævar Ingason

ÝMIS VERKEFNI

Eins og undanfarin ár aðstoðuðu náms- og starfsráðgjafi, félagsráðgjafi og framkvæmdastjóri nemendur við að sækja um ýmsa styrki, m.a. frá Menntunarsjóði Mæðrastyrksnefndar, Menntunarsjóði Sigríðar Jónsdóttur, Menningar- og minningarsjóði kvenna, Bandalagi kvenna í Reykjavík o.fl.

Skólinn endurnýjaði áskrift að Microsoft 365 hugbúnaði enda er sá hugbúnaður í notkun á flestum vinnustöðum og nánast öllum skólum landsins og mikilvægt að nemendur frá Hringsjá geti nýtt sér hann til náms eða starfa.

Í tengslum við kennslu í tölvubókhalda hefur Hringsjá samið við dk hugbúnað um fjaraðgang að dk bókhaldskerfinu.

Heimasíða Hringsjár (hringsja.is) er vistuð hjá Wordpress og umsjónarmaður er Gunnar Möller. Þá er Hringsjá með Facebook og Instagram reikning þar sem hægt er að fylgjast með daglegu starfi og umsjónarmaður er Gígja Baldursdóttir.

NIÐURLAG

Á starfsárinu var unnið að því að efla matsbrautirnar enn frekar og opna Víðsjá, nýtt úrræði fyrir einstaklinga sem þurfa lengri tíma í starfsendurhæfingu vegna taugablöskavanda og/eða langvarandi vanvirkni. Tekist var á við fleiri verkefni og farsælu samstarfi haldið áfram við helstu samstarfsaðila. ÖBÍ réttindasamtök stóð eins og endranær við bakið á starfseminni og veitti dyggan stuðning.

Á starfsárinu 2025-2026 verður áfram unnið að því að tryggja fjárhagslegan sem og faglegan grunn Hringsjár ásamt því að efla þjónustu, árangur og gæði starfseminnar. Á árinu mun Hringsjá hafa það að markmiði að bjóða fjölbreytta og þverfaglega starfsendurhæfingu með auknum tengslum atvinnulífs og skóla.

Reykjavík, 26. júní 2025



Helga Eysteinsdóttir, framkvæmdastjóri Hringsjár